

Fundur skólaráðs Glerárskóla 5. desember 2016

**Mættir:** Aðalbjörg María Ólafsdóttir og Margrét Ingimundardóttir fulltrúar kennara, Soffía Guðmundsdóttir fulltrúi annara starfsmanna, Kristín Sveinsdóttir og Sandra Ósk Sævarsdóttir fulltrúar nemenda, Freydis Dana Sigurðardóttir og Sesselja Ingibjörg Reynisdóttir fulltrúar foreldra og Eyrún Skúladóttir skólastjóri.

Fjarverandi: fulltrúi hverfisnefndar.

Eyrún stjórnaði fundi

Elín E. Magnúsdóttir skrifaði fundargerð.

### **Desemberskipulag**

Eyrún fór yfir skipulag skólstarfs í desember. Glerárvision tókst vel. Litlu jólin verða með hefðbundnu sniði. Nemendafulltrúar spurðu eftir balli á litlu jólnum og þá bara innan skólans. Það mál verður skoðað.

### **Skólareglur**

Námskrárnefnd skólans hefur verið að vinna að nýjum skólareglum samkvæmt nýrri aðalnámskrá. Nemendur hafa komið að þessari vinnu. Kynning mun fara fram á starfsmannafundi í næstu viku og mun verða tekin til umræðu í skólaráði eftir ármót. Skólaráð þarf að samþykkja slíkar reglur. Drögin verða send til skólaráðs þegar þau hafa verið kynnt á starfsmannafundi. Fulltrúi kennara vildi brýna mikilvægi þess að foreldrar og skóli vinni vel saman og að talað sé vel um skólann á heimilum barnanna.

### **Breytingar um áramót**

Eyrún fer í veikindaleyfi um áramót. Elín tekur við skólastjórnun til sex mánaða, Helga Halldórsdóttir verður staðgengill skólastjóra og Tómas Lárus Vilbergsson tekur við starfi deildarstjóra. Selma Sigurðardóttir Malmquist tekur við starfi umsjónarkennara í 4. bekk.

### **Fundir eftir áramót**

Fólk sammála um að hafa fundi á mánudögum á ca sex vikna fresti. Áætlaðir fundir á nýju ári verði 30. janúar, 27. febrúar, 27. mars, 15. maí.

### **Önnur mál**

#### **A**

#### **Umræða um nýjan leikskóla**

Tekin hefur verið ákvörðun um byggingu leikskóla á skólasvæðinu. Glerárskóli verður endurbyggður með það í huga. Pálmholti verður lokað. Allir starfsmenn hér innan húss og á Pálmholti hafa fengið að koma fram með sínar hugmyndir. Krístrún Birgisdóttir kemur að hugmyndavinnu um þetta mál.

#### **B**

#### **Mentor og námsmatið**

Adda velti fyrir sér hvernig foreldrum nýtist námsmatið í Mentor? Aðgengið er ekki gott svo skólinn er í klemmu gagvart þessari vinnu við námsmatið. Ætlunin var að nýta þetta kerfi en eins og málið stendur í dag er erfitt að nota það. Skólinn er að fíkra sig í að gefa námsmat í bókstöfum en fyrst og fremst er verið að vinna að hæfnimiðuðu námsmati.

*Hér viku fulltúrar nemenda af fundi.*

## **Fjármál**

Fjárhagsáætlun skólans miðast við ár en ekki skólaárið. Eyrún fór yfir fjárhagsstöðu skólans nú í byrjun desember sem er í þokkalegu jafnvægi miðað við áætlun. Verið er að festa kaup á stólum í matsalinn og sennilega næst að kaupa í allan salinn þ.e. 150 stóla. Verið er að panta 4 fartölvur fyrir nemendur og einnig verða keyptir 10 iPadar með lyklaborðum. Erasmusverkefnið reynist okkur heldur dýrt. Eyrún fór yfir drög að fjárhagsáætlun næsta árs en fjárhagsáætlunin er ekki komin.

Fleira ekki fært til bókunar

Elín E. Magnúsdóttir